

17. október 1905 Hann hefir með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðinn 19. júlí 1929, verið dæmdur skilorðsbundið í 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir einfaldan þjófnað.

Framangreint brot ákærða ber að áliti dómarans að heimfæra undir 6. grein laga nr. 51 frá 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga. Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 28. jan. 1931.

Nr. 71/1930: **A. C. Broberg, f. h. váttryggingarfélagsins Danske Lloyd** (Jón Ásbjörnsson).

gegn

Halldóri Einarssyni (Enginn).

Váttryggingarbætur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1930: Stefndur, C. A. Broberg, greiði, f. h. váttryggingarfélagsins Danske Lloyd, stefnandanum, Halldóri Einarssyni, kr. 550.00 með 5% ársvöxtum frá 14. jan. 1930 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Stefndi hefir ekki mætt í máli þessu hér fyrir réttinum og hefir það því verið flutt skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Áfrýjandi krefst þess, eins og fyrir undirrétti, að verða sýknaður af öllum kröfum stefnda. Leggur hann í því efni sérstaklega áherzlu á, að stefndi hafi sýnt „staka ógætni“ með því að aka með miklu meiri hraða en lög leyfa, þá er slysið vildi til, kl. 9

að kvöldi hinn 20. okt. 1929, löngu eftir að aldimmt var orðið, enda hafi þá verið regn og alskýjaður himinn, en samkvæmt váttryggingarskilmálum sé tjón, sem váttryggður hafi valdið „með stakri ógætni“ undanskilið váttryggingu.

Það er nú að vísu ákveðið í 6. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926 um notkun bifreiða, að í dimmu megi ökuhraði bifreiða aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund, en með því að það er vitanlegt að bílstjórar aka utan kaupstaða og kauptúna jafnaðarlega með meiri hraða, allt að 20—25 km. hraða á kl.stund, þótt dimmt sé af nótt, og þar sem gera verður ráð fyrir, að áfrýjanda hafi verið þetta kunnugt, er váttryggingarskirteinið var gefið út, verður eigi álitíð, að hin tilfærðu orð úr váttryggingarskilmálunum eigi við nefnt ákvæði bifreiðarlaganna og 20—25 km. ökuhraði á klukkustund verður í því falli, er hér ræðir um, þess vegna ekki talinn „stök ógætni“.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Þar sem ekki hefir verið mætt í málinu af hálfu stefnda fellur málskostnaður í hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. febrúar s. l., af

Halldóri Einarssyni, bifreiðarstjóra, hér í bæ, gegn kaptein C. A. Brogberg, f. h. váttryggingarfélagsins Danske Lloyd, Hverfisgötu 18 hér í bænum, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 550.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakæruðegi, 14. jan. s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Tildrög málsins kveður stefnandi þau, að 29. júní 1929 hafi hann váttryggt bifreið sína R.E. 119 hjá stefndu váttryggingarfélagi fyrir tjóni af bruna, slysum o. fl. og hafi félagið gefið út honum til handa skirteini nr. 51 um váttryggingu þessa. Hinn 20. október s. á. kveður stefnandi síðan það slys hafa borið að, að bifreiðin hafi oltið út af veginum hjá Smalaskála fyrir sunnan Hafnarfjörð, er hann var að aka henni þar á suðurleið, og hafi hún skemmst allmikið. Kveðst hann þá þegar hafa tilkynnt stefndum tjónið, er hafi látið sækja bifreiðina og flytja hana til Reykjavíkur. Síðan hafi hann og stefndur komið sér saman um að útnefna sinn manninn hvor til þess að meta skaðann, er orðið hafi á bifreiðinni við slysið og hafi matsmennirnir orðið ásáttir um að meta hann á kr. 550.00. Stefndur hafi nú verið ófáanlegur til þess að greiða þessa upphæð eða nokkrar aðrar í bætur og sé því mál þetta höfðað.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins.

Byggir stefndur í frumvörn sinni sýknukröfuna eingöngu á því, að samkvæmt 6. gr. hinna almennu váttryggingarskilyrða félagsins, er hann hefir lagt fram, sé það skilyrði fyrir skaðabótaskyldu þess, að bifreiðar þær, sem váttryggðar eru hjá því, séu í lagi og hæfar til þess, sem þær eru notaðar til, svo og í samræmi við ákvæði bifreiðalaganna. Nú hafi hemlar bifreiðarinnar og ljós verið í ólagi er slysið varð, og telur stefndur, að þetta í sambandi við of hraðan akstur stefnanda hafi verið orsök þess, að slysið vildi til og komi því ekki til mála, að félaginu sé skylt að bæta tjón það, er af því hlaut. Síðar í málinu hefir stefndur haldið því fram, að váttryggingin á bifreiðinni hafi ekki verið í lagi, er tjónið varð, en þar sem því er ekki hreyft í frumvörnninni, heldur það gagnstæða óbeinlínis viðurkennt í henni, þá verður að fallast á það hjá stefnanda, að

Þessi mótbára stefnds sé of seint fram komin og verður hún því ekki tekin til greina, enda virðist einnig eftir því sem fyrir liggur, að hún hafi ekki við rök að styðjast, því að stefnandi hefir lagt fram fyrirvaralaus kvittun frá stefndum fyrir greiðslu iðgjalds fyrir váttryggingu á bifreiðinni yfir tímabilið frá 29. september til 29. desember 1929, auk þess sem fyrrgreind framkoma stefnds, eftir að skemmdirnar urðu á bifreiðinni (það að hann lætur sækja bifreiðina og nefnir mann til þess að meta tjónið, er á henni varð,) bendir eindregið til þess, að hann hafi talið bifreiðina í ábyrgð hjá félaginu.

Stefnandi hefir eindregið mótmælt því, að bifreiðin hafi verið í ólagi eða að óvarkárni hans hafi verið um að kenna, að tjónið varð. Stefndur hefir lagt fram í málinu til sönnunar staðhæfingu sinni um það atriði vottorð tveggja manna, er óku bifreiðinni 21. október 1929, þess efnis, að þá hafi hemlar bifreiðarinnar verið svo að segja gagnslausir og hafa bæði vottorðin verið staðfest fyrir rétti. En við framburð þenna er það að athuga, að vottorðsgefendurnir skoða ekki bifreiðina fyr en eftir að slysið er orðið, en ekki er útilokað, að hún hafi farið úr lagi er hún valt út af veginum. Hinsvegar hefir við lög-regluréttarpróf, er haldið var hér í bænum út af slysinu, ekki komið annað fram en að hemlarnir hafi verk-að eðlilega rétt áður en slysið varð. Við prófin upplýstist heldur ekki, að stefnandi hafi ekið hraðar en 15—25 km. á klukkustund.

Verður því ekki talið nægilega upplýst hjá stefndum, að orsakir slyssins hafi verið óhæfur útbúnaður bifreiðarinnar eða óvarkárni stefnanda, og litur rétturinn því svo á, að váttryggingarfélagið beri ábyrgð á umræddu tjóni, og þar sem stefndur hefir ekki mótmælt bótaupphæðinni sem of hárrí, þá verður hann dæmdur til þess að greiða hina umstefndu upphæð með vöxtum eins og krafizt hefir verið svo málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 60.00.